

LAXÁ Í AÐALDAL 1997


Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1997

Guðni Guðbergsson

mars 1998

VMST-R/98002

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf

EFNISYFIRLIT

Samantekt	bls.
Inngangur -----	1
Aðferðir -----	1
Niðurstöður -----	3
Seiðabúskapur -----	3
Endurheimtur gönguseiða -----	4
Veiðin í Laxá 1997 -----	4
Aldursgreiningar samkvæmt hreistri-----	5
Hlutdeild merktra laxa í veiðinni -----	6
Veiði eftir veiðisvæðum -----	6
Veitt og sleppt -----	6
Umræður -----	7
Þakkarorð -----	9
Heimildir -----	9
Myndir -----	11
Töflur -----	20
Viðauki I -----	28
Viðauki II -----	29

SAMANTEKT

Mælingar á seiðabúskap á tveimur stöðum í Laxá í júní sýndu að stærri hluti aflans var árgömul seiði. Eldri seiðin hafa því væntanlega verið gengin til sjávar að mestu leyti.

Í Laxá í Aðaldal má gera ráð fyrir nokkru minni fjölda tilvonandi gönguseiða á komandi vori en verið hefur nokkur undafarin ár samkvæmt seiðabúskap haustið 1997. Eins og verið hefur er meira um urriðaseiði en laxaseiði í efri hluta Laxár en lax er ríkjandi á neðri hluta hennar. Sumaralin sleppiseiði komu fram í rafveiðinni nú en hluti þeirra var merktur og því auðþekkjanlegur. Hlutfall merktra seiða á sumum svæðum var mjög hátt og vekur spurningar um seiðabúskap náttúrulegra seiða.

Endurheimtur gönguseiða í veiði 1997, úr sleppingum 1996, voru að meðaltali 0,74% af merktum seiðum, 1,02% af eins árs seiðum og 0,36% af tveggja ára seiðum. Um helmings munur kom fram í endurheimtum á milli sleppistaða. Endurheimtur merktra gönguseiða sem tveggja ára laxa 1997 úr sleppingum 1995 voru 0,03% sem bættust við 0,33% endurheimtu eins árs laxa 1996, og gerir því 0,37% endurheimtu í allt. Í Laxá veiddust tveir merktir laxar úr gönguseiðasleppingum í aðrar ár. Alls endurheimtust 11 laxar af sleppingum seiða í Laxá 1996 í öðrum ám sumarið 1997 sem er um 10% af fjölda sem komu fram úr þeim sleppingum.

Alls voru 1227 laxar skráðir í veiðibækur á veiðisvæðum í Laxá í Aðaldal sumarið 1997. Af þeim var 194 löxum sleppt aftur og því var landaður afli alls 1033 laxar. Af skráðum löxum í Laxá 1997 voru 770 smálaxar og 457 stórlaxar. Meðalþyngd smálaxa var 5,8 pund en meðalþyngd stórlaxa var 10,9 pund. Meðalþyngd smálaxanna var hærri en var 1996 en stórlaxanna lægri. Flestir laxar voru skráðir í veiðibækur á veiðisvæðum Laxárfélagsins, 788. Auk laxveiði voru skráðir 929 urriðar og 64 bleikjur í ánni.

Skipting veiðinnar milli veiðisvæða í Laxá var svipuð því sem verið hefur undanfarin. Nokkur breyting varð í afla hliðarása Laxár, veiði í Mýrarkvísl hækkaði milli ára en lækkaði í Reykjadalsá. Um 28,5% af veiðinni í Laxá sumarið 1997 veiddist neðan Æðarfossa en meðaltal áranna 1992 - 1995 var 41%.

Marktækt jákvætt samband fannst á milli þyngdar og fjölda smálaxa í Laxá á árunum 1974 - 1997.

INNGANGUR

Í þessari skýrslu greinir frá rannsóknum á fiskstofnum Laxár í Aðaldal sumarið 1997. Þær eru framhald fyrri rannsókna sem gerðar hafa verið með svipuðu sniði um nokkurra ára bil. Seiðabúskapur árinna var rannsakaður með rafveiðum. Tekin var saman endurheimta örmerktra laxa og dreifing þeirra eftir sleppistöðum en reglulegt eftirlit hefur verið með öllum afla sem á land berst og leitað var að merktum fiskum í veiðinni. Regluleg hreistursöfnun var af veiddum lögum. Hreistur var notað var til aldursgreiningar og göngunni skipt eftir uppruna, ferskvatns- og sjávaraldri. Unnið var úr veiðiskýrslum og dreifing veiðinnar metin eftir veiðistöðum og tímabilum. Rannsóknir á seiðabúskap Laxár í Aðaldal hafa farið fram með svipuðu sniði árvisst frá 1984 (Tumi Tómasson 1985, 1987, 1988, 1989a og 1991 Guðni Guðbergsson 1993, 1994, 1995 og 1996, Guðni Guðbergsson og Tumi Tómasson 1997). Árið 1971 var seiðaástand Laxár fyrst rannsakað (Karlström 1972). Ástand seiða var einnig athugað 1981 til 1983 (Tumi Tómasson 1985).

Niðurstöður úr rannsóknum þeim sem gerðar hafa verið í Laxá í Aðaldal undanfarin ár má líta á sem nokkurs konar lágmarksrannsóknir til að fylgjast með laxastofnum árinna og þeim breytingum sem á honum verða í seiðabúskap, árangri seiðasleppinga og samsetningu veiðinnar. Enn má undirstrika að góðar veiðiskýrslur eru einn af hornsteinum þess að hægt sé að fylgjast með breytingum í veiði, orsökum þeirra og árangri af fiskræktaraðgerðum.

Þar sem náttúrulegur breytileiki er mikill í umhverfi og fiskstofnum þurfa vistfræðirannsóknir að standa um langan tíma til að nema þær og til að möguleiki sé á að skilja og skýra tengsl og orsakasamhengi. Þeim er ætlað að skila vitneskju sem nýting byggist á og er ein af forsendum þess að hún sé skynsamleg. Laxveiði er nýting á náttúrulegum fiskstofnum með hluta lífsferilsins í ferskvatni og hluta í sjó. Laxastofnar eru yfirleitt litlir og því viðkvæmir ekki síst fyrir áhrifum á búsvæði þeirra. Nýting laxastofna hér á landi er fyrst og fremst með stangveiði en stór hluti hennar er að njóta náttúru og útiveru. Því verður að taka tillit þessara þátta til að saman fari náttúruvernd og sjálfbær nýting til frambúðar.

AÐFERÐIR

Smáseiðum var safnað með rafveiðum. Veitt var á sama hátt og á sömu stöðum og gert hefur verið undanfarin ár til að fá sambærilegt mat milli ára (Tumi Tómasson 1991,

Guðni Guðbergsson 1993, 1994, 1995, 1996; Guðni Guðbergsson og Tumi Tómasson 1997). Rafveitt var 11. júní á tveimur stöðum í Laxá og 7. og 8. september á 7 stöðum sem er dreift um ána (sjá lýsingu rafveiðistaða í viðauka I). Líkt og gert hefur verið undanfarin þrjú ár var nú einnig veitt á rafveiðistöð fyrir landi Árnes. Á hverjum stað var veitt ákveðið flatarmál og reiknaður var fjöldi seiða á hverja 100 m². Lengd og þyngd seiðanna var mæld auk þess sem kvarnir og hreistur var tekið til aldursgreiningar úr hluta þeirra. Fæða var greind í mögum þeirra seiða sem tekin voru til aldursgreininga. Magafylling þeirra var metin í stig þar sem 0 er tómur magi en 5 úttroðinn. Hlutdeild fæðu var reiknuð sem magafylling x hlutdeild fæðugerðar deilt með heildarsummu magafyllinga.

Þar sem ekki skörun var á lengdardreifingu árganga náttúrulegra seiða var ekki hægt að aðgreina árganga í lengdardreifingu nema vorgömul seiði (0⁺). Að auki var sleppt smáseiðum sem féllu innan lengdardreifingar árganga náttúrulegra seiða sem gerði enn erfiðara að greina milli árganga bæði í aldursgreiningum á kvörnum og af lengdardreifingu.

Stangveiði var skráð í veiðibækur þar sem hver fiskur var sérstaklega skráður. Þar var skráður veiðidagur, nafn veiðimanns, veiðistaður, tegund, kyn, þyngd, lengd og gerð agns. Þyngd var skráð í pundum þar sem 1 pund = 500 gr. Afli var skráður sér fyrir hverju veiðisvæði í Laxá. Á veiðisvæði Laxárfélagsins voru veiðistaðir númeraðir til að auðvelda skiptingu veiðinnar eftir svæðum. Veiðinni var skipt eftir kyni og sjávaraldri í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö ár í sjó) sem greint var eftir þyngd. Skipting milli smálax og stórlax var við 8 pund hjá hængum en 7 pund hjá hrygnum. Hreisturlestur staðfesti að þessi skipting er mjög nærri lagi. Ef fiskar voru ekki þyngdarmældir var skiptingin gerð við 7 pund.

Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að veiddum löxum sé sleppt aftur. Fiskur sem sleppt er skráður í veiðibækur. Til að fá fram mat á landaðan afla verður að draga fjölda slepptra laxa frá skráningum í veiðibækur.

Hreistri var safnað af stangveiddum löxum og var safnað reglulega yfir veiðitímann og var hreistur tekið af afla sem kom í veiðihús Laxárfélagsins. Með þessu móti fæst þversnið af veiði sumarsins. Auk reglulegrar hreisturtöku var eftirlit haft með veiði í Laxá til að leita eftir örmerktum fiskum. Þeir eru sem kunnugt er auðkenndir með því að klippa af þeim veiðiuggann. Ef um uggaklippta fiska var að ræða, var skorin af þeim trjónan um augu en merkið er í henni. Sérhæfðan búnað þarf til að finna merkið, þar sem það er einungis um 1 mm að lengd. Sérfræðikunnáttu þarf til að lesa úr merkjunum. Úrtaka og lestur merkja var gerð á Veiðimálastofnun. Þar sem einungis hluti þeirra gönguseiða sem sleppt var í Laxá voru merkt með örmerkjum var hlutdeild endurheimta í veiðinni uppreiknuð hlutfallslega.

Endurheimtur voru reiknaðar fyrir hvern sleppistað. Á undanförunum árum hefur nokkuð hefur verið um að merktir laxar úr gönguseiðasleppingum í Laxá komi fram í veiði

í öðrum ám. Eftirlit með merkjum er mismunandi milli áa og því gefa endurheimtur úr öðrum ám ekki fullkomna mynd af dreifingu mögulegra endurheimtustaða.

Sumaröldum seiðum hefur verið sleppt í Laxá en frá árinu 1994 hefur talsverður hluti þeirra seiða verið merktur með klippingum kviðugga. Þetta auðveldar aðgreiningu sleppiseiðanna í rafveiðum auk þess sem endurheimtur þannig merktra fiska ætti að geta gefið mat á hagkvæmni slíkra sleppinga. Nokkrir slíkir fiskar komu fram í afla sumarsins. Þar sem þau sumaröldu seiði sem sleppt er í Laxá eru af svipaðri stærð og náttúrulegu seiðin í ánni er ekki hægt að aðgreina þau í hreisturlestri. Mat á hlutdeild þeirra verður því að byggjast eingöngu á merktum fiskum.

NIÐURSTÖÐUR

Seiðabúskapur

Uppistaðan í rafveiðinni á tveimur stöðum í Laxá vorið 1997 voru árgömul seiði en hlutfallslega fá eldri seiði (1. mynd). Þéttleiki urriðaseiða var minni en laxaseiðanna (tafla 1) og eins og hjá laxinum voru flest seiði árgömul (2. mynd).

Þéttleiki laxaseiða haustið 1997 var mjög breytilegur milli staða og að meðaltali veiddust 17,3 laxaseiði á hverjum 100 m². Eins og fyrri ár var þéttleiki laxaseiða minnstur á þeim rafveiðstöðum, sem voru efst í ánni (tafla 2; 3. mynd).

Þéttleiki urriðaseiða var mestur á efri svæðum Laxár (tafla 3) og kemur skipting milli vorgamalla og eldri seiða greinilega fram í lengdardreifingum (4. mynd). Vart varð við talsverðan fjölda vorgamalla laxa- og urriða seiða í rafveiðum (tölur 4 og 5).

Alls var sleppt 30.000 sumaröldum seiðum í Laxá sumarið 1997 og af þeim voru 8.000 auðkennd með klippingu hægri kviðugga. Talsverður fjöldi þessara seiða kom fram í rafveiðum fjöldi þeirra var mismikill milli staða (tafla 2) en þeim var dreift í Laxá frá Hólmavaði og niður. Þau 57 kviðuggaklipptu seiði sem veiddust voru um 0,71% af þeim 8.000 merktu seiðum sem sleppt var. Ef hlutfall þeirra er reiknað yfir á þau 30.000 seiði sem sleppt var alls gerir það að um 213 sleppiseiði hafi verið í veiðinni. Ef tekið er tillit til þess að af 225 seiðum sem alls veiddust í rafveiðum voru 97 vorgömul gætu öll eldri seiði því verið af sleppiuppruna. Lengdardreifing merktra seiða greinist í tvo toppa (5. mynd) þar sem neðri toppur er við 7,5 cm og efri við 9 cm. Þessa greiningu má sjá í lengdardreifingu laxaseiðanna (3. mynd) sem gefur til kynna að hlutfall sleppiseiða í Laxá hafi verið hátt.

Þéttleiki laxaseiða árgamalla og eldri var 9,9 seiði á hverja 100m² og var þéttleikinn nokkru minni en hann hefur verið undanfarin ár (tafla 6). Mat á fjölda tilvonandi gönguseiða á rafveiðistöðvum 4 - 7 var einnig lægra en verið hefur undanfarin ár (6. mynd).

Bitmýslirfur voru langalgengasta fæðugerð seiðanna og var hlutdeild þess meiri í júní en september. Þá fundust einnig fleiri tegundir dýra í fæðu laxaseiðanna í september en í júní (tafla 7).

Endurheimtur gönguseiða

Í Laxá endurheimtist 101 örmerktur lax í Laxá sumarið 1997. Að auki voru 10 laxar veiðiuggaklipptir en merkislausir. Tveir laxar úr sleppingum merktra seiða í aðrar ár veiddust í Laxá, annar úr sleppingum í Hofsá í Vopnafirði en hinn í Hafralónsá. Alls komu 11 laxar úr sleppingum gönguseiða í Laxá 1996 fram í öðrum ám. Í Hofsá í Vopnafirði komu 5, 1 í Selá, 2 í Lagarfljóti, 1 í Svartá í Húnavatnssýslu og 1 í Vatnsdalsá. Alls er þessi fjöldi um 10% af þeim löxum sem komu fram.

Af endurheimtum löxum í Laxá úr sleppingum 1996 voru 77 úr sleppingum seiða sem alin höfðu verið í eitt ár í eldisstöð en 18 sem alin höfðu verið í tvö ár. Miðað við stærð sleppihópa var verulegur munur á heimtum milli þessara hópa. Eins árs gönguseiðin skiluðu að meðaltali 1,02% heimtum í veiði en tveggja ára seiðin 0,36%. (tafla 8). Mismunandi aldur og stærð seiða við sleppingu eru liður í samanburðartilraun á mismunandi eldisaðferðum sem ekki verður farið nánar út í hér.

Af eins árs seiðum skiluðu þeir hópar sem sleppt var við Hólmatagl um tvöfalt hærri heimtum en sleppingar í Árnesi og vekur það nokkra athygli. Hafa ber í huga að engin merki bárust af merktum löxum úr afla í Árnesveiði og eru endurheimtur seiða þaðan annars staðar úr Laxá.

Alls endurheimtust 4 laxar úr sleppingum 1995 sem eru um 0,03% af heildarheimtu. Þeir bætast við 43 laxa sem endurheimtust 1996 og var heildarheimta þeirra því 47 eða 0,37% (tafla 9). Þessir 4 laxar voru úr sleppingum eins árs gönguseiða en engin lax kom fram úr sleppingum tveggja ára seiða eftir tvö ár í sjó.

Veiðin í Laxá 1997

Í Laxá voru skráðir alls 1227 veiddir laxar í veiðibækur. Af þeim voru 770 smálaxar og 457 stórlaxar. Alls veiddust 783 hængar og 444 hrygnur. Veiðin skiptist þannig að 580 hængar komu eftir eitt ár í sjó en 190 hrygnur. Eftir tvö ár í sjó veiddust 203 hængar og 254 hrygnur. Meðalþyngd smálaxa var 5,8 pund, 5,2 pund hjá hrygnum en 5,9 hjá hængum. Meðalþyngd stórlaxa var um 10,9 pund, 10,9 pund fyrir hænga en 10,8 fyrir hrygnur (tafla 10). Skipting milli stórlax og smálax er nokkuð greinileg á þyngdardreifingum (7. mynd).

Flestir laxanna sem veiddust í Laxá í Aðaldal 1997 voru skráðir í veiðibækur Laxárfélagsins, 788. Í Árnesveiði voru skráðir 339 laxar en færri á öðrum svæðum. Auk

laxveiðinnar voru skráðir 929 urriðar og 64 bleikjur. Laxveiðin var mest á neðstu svæðunum en silungsveiðin á þeim efstu (tafla 11).

Veiðin á veiðisvæði Laxárfélagsins var skráð með númeruðum veiðistöðum og því hægt að sjá hvernig veiðin dreifðist eftir svæðum. Langflestir laxarnir veiddust á veiðisvæði 100, neðan Æðarfossa eða 350 en færri á öðrum svæðum (tafla 12) (sjá skiptingu veiðisvæða í viðauka II). Neðan Æðarfossa veiddust því um 28,5% þeirra laxa sem skráðir voru í veiðibækur í Laxá sumarið 1997 en um 46% af veiði á veiðisvæði Laxárfélagsins.

Laxveiðitíminn í Laxá byrjaði 10. júní og lauk 9. september. Veiðinni yfir tímabilið var skipt eftir vikum. Veiðin var nokkuð svipuð frá miðjum júlí og út ágúst þó að litlu minna hafi veiðst fyrstu vikurnar í ágúst (8. mynd). Á árunum frá 1988 hefur mesta veiðin verið vikuna 22. - 28. júlí að meðaltali. Nokkur breytileiki kemur þó fram milli ára (9. mynd). Urriða- og bleikjuveiðin dreifðust nokkuð yfir veiðitímabilið (10. mynd).

Meðalþyngd smálaxa í Laxá sumarið 1997 var 5,8 pund sem er um pundi þyngri en en var 1996. Á árunum 1974 - 1997 er marktæk fylgni milli meðalþunga laxa og fjölda þeirra ($R = 0,71$; $p < 0,001$). Þungi laxa skýrir því um helming af breytileika í fjölda þeirra og því þyngri því fleiri. Á árinu 1997 var fjöldi laxa nokkru lægri en samband þyngdar og fjölda gerir ráð fyrir (11. mynd). Ekki var fylgni milli fjölda og þyngdar stórlaxa.

Aldursgreiningar samkvæmt hreistri

Hreisturtaka í Laxá var regluleg yfir allt veiðitímabilið og ætti því að gefa nokkuð góða mynd af samsetningu göngunnar. Í allt var safnað 233 hreistursýnum sem eru um 19% aflans. Af þessum hreistursýnum voru 175 greind sem hreistur af náttúrlegum laxi, 44 úr sleppingum gönguseiða en 11 var ekki hægt að lesa.

Af þeim 175 náttúrulegu löxum sem hreistur var aldursgreint af var 17,7% laxanna sem hafði dvalið tvö ár í fersku vatni áður en þeir gengu til sjávar. Flestir (70,9%) höfðu þriggja ára ferskvatnsdöl áður en þeir gengu til sjávar 10,8% höfðu verið fjögur og einn (0,6%) fimm ár í fersku vatni áður en þeir gengu til sjávar. Um 67% laxanna hafði verið eitt ár í sjó en um 33% tvö ár. Ekki fundust merki um lengri samfellda sjávardvöl. Að auki sáust merki um fyrri hrygningu, gotmerki, í hreistri 3 laxa (1,6%) (tafla 13).

Af þeim 44 löxum sem voru úr sleppingum gönguseiða voru 37 úr sleppingum 1996 og 7 úr sleppingum 1995. Samkvæmt hreisturlestri voru því um 19,8 % veiðinnar úr gönguseiðasleppingum, sem gerir um 242 laxa alls yfirfært á alla veiðina. Hafa verður í huga að ekki er tekið hreistur af örmerktum löxum en þeir myndu hækka þennan fjölda.

Skipting göngunnar í klakárganga, uppreiknað hlutfallslega út frá hreistursýnum, sýnir að flestir laxar eru af klakárgöngum 1992, 1993 og 1994. Í veiðinni í Laxá eru að jafnaði fjórir klakárgangar á hverjum tíma (tafla 14). Þegar fram í sækir og fleiri ár bætast við með sambærilegum upplýsingum verður hægt að bera saman þann fjölda sem hver

klakárgangur gefur í veiði við þéttleika seiða í rafveiði. Á tímabilinu frá 1985 eru 3 árgangar sem þannig upplýsingar eru til um.

Hlutdeild merktra laxa í veiðinni.

Alls var sleppt 12.742 örmerktum gönguseiðum af 29.000 gönguseiðum 1996. Af þessum seiðum voru 7.731 eins árs seiði merkt af 23.000 seiða sleppingu og 5.011 tveggja ára seiði af 6.000 seiða sleppingu. Árið 1995 var sleppt 28.000 gönguseiðum og þar af voru 13.101 seiði merkt.

Alls endurheimtust merki af 95 eins árs löxum og 4 tveggja ára. Ef gert er ráð fyrir að endurheimtur merktra og ómerktra gönguseiða hafi verið þær sömu, þá hafa eins árs seiðin skilað 229 löxum uppreiknað í veiði og tveggja ára seiðin 22 löxum eða alls 251 lax.

Á sama hátt má gera ráð fyrir að slepping gönguseiða 1995 hafi skilað alls 9 stórlöxum í veiði 1997. Samanlagt ættu gönguseiðasleppingar því að hafa skilað 260 löxum í veiði í Laxá í Aðaldal sumarið 1997 samkvæmt merkingu seiða, eða 21,2 % af heildarveiði.

Niðurstöður hreisturlesturs gáfu að 242 laxar væru ættaðir úr gönguseiðasleppingum og er því um svipað mat að ræða út frá tveimur aðferðum, endurheimtur úr frá merkjum og hreisturlestri.

Veiði eftir veiðisvæðum

Sveiflur í veiði milli veiðisvæða innan Laxár fylgjast nokkuð vel að. Þetta á við um veiði á veiðisvæðum Laxárfélagsins og Árness (12. mynd), Laxárfélagsins og Núpa og Kjalar (13. mynd). Hliðarár Laxár, Reykjadalssá og Mýrarkvísl sýna svipaða sveiflu, nokkur aukning verður í Mýrarkvísl eftir að laxastigi var tekinn í notkun þar og hefur haldist síðan (14. mynd; tafla 15).

Veitt og sleppt

Á vatnasvæði Laxár í Aðaldal var skráð í veiðibækur að 194 löxum hafi verið sleppt aftur. Aflinn úr Laxá var því alls 1033 laxar sem er nokkrum löxum minni en árið 1996 og sá lægsti frá árinu 1966. Af slepptum (sleppilöxum) löxum voru 22 á veiðisvæði Laxárfélagsins 170 á veiðisvæði Árnes og tveir laxar í Presthvammi.

Á veiðisvæði Árness var 25 löxum með númeruðum plastmerkjum sleppt. Af þeim endurveiddust 13 laxar (52%), 3 fyrir veiðisvæði Árness, 2 á Hrauni, 4 á Laxamýri, 2 á Hólmavaði og 2 í klakveiði. Hátt hlutfall þeirra laxa sem sleppt var og veiddust aftur vekur athygli og einnig hversu mikið þeir dreifast innan árinna.

UMRÆÐUR

Í rafveiðum í Laxá vorið 1997 var aflinn að mestu árgömul seiði og fá eldri seiði sem bendir til að gönguseiði hafi þá verið gengin til sjávar. Mat á fjölda tilvonandi gönguseiða vorið 1998 er nokkru lægra en verið hefur undanfarin ár. Hvað það þýðir varðandi veiði í Laxá er ekki vitað. Í ám þar sem til er mat á þéttleika seiða, fjölda gönguseiða sem til sjávar ganga og endurheimtur þeirra af hafi hefur verið sýnt fram á að breytileiki í endurheimtum á milli ára er meiri en breytileiki í framleiðslu gönguseiða en það tvennt ræður laxgengd (Þórólfur Antonsson 1998).

Merkingar sleppiseiða með klippingu kviðugga eru mikilvægar til að meta hlutdeild þeirra í seiðabúskapnum. Það hversu hátt þetta hlutfall er á sumum stöðum vekur athygli og að ef þeim hefur verið jafndreift um svæðið í sama hlutfalli og ómerktu sleppiseiðin þá getur uppistaðan af seiðafjöldanum í Laxá hafa verið úr sleppingum. Þá vakti einnig athygli að í rafveiðum í júní varð ekki vart við merkt seiði frá árinu á undan en þau gætu þá hafa verið gengin til sjávar. Mikilvægt er að fylgjast með endurheimtum þeirra af hafi þó merking geti afmáðst við að uggar vaxa aftur og því er kviðuggaklippiing ekki örugg merkingaraðferð. Greining á hreistri af kviðuggaklipptum löxum og sleppiseiðum sýndi að þau er ekki hægt að greina þá frá með óyggjandi hætti. Því eru merkingar nauðsynlegar til að meta hlutdeild þeirra. Benda má á að hægt er að örmerkja seiði af þeirri stærð sem sleppt er og myndu slíkar merkingar gefa enn betra mat á árangur sleppingar smáseiða og að akkur væri af slíkri vitneskju.

Það að ekki er hægt að þekkja sundur sleppiseiði og náttúruleg seiði í rafveiðum gerir óvissu í mati á fjölda þeirra. Það veldur einnig óvissu um hvað er að gerast með náttúrulega seiðastofninn og hátt hlutfall sleppiseiða veldur áhyggjum. Hér geta seiðasleppingar valdið því að alvarlegt ástand náttúrulegra seiða kæmi ekki fram við mælingar. Því væri hvorki hægt að meta orsakir né að bregðast við. Þá er ekki þekkt hvort og hvaða áhrif sleppingar smáseiða kunna að hafa á þau náttúrulegu seiði sem fyrir eru. Inngrip eins og seiðasleppingar eru ábyrgðarhluti þó þær séu gerðar í góðum tilgangi. Sú skoðun er í ríkari mæli að ryðja sér til rúms að ekki sé gripið inn í framgang laxastofna nema fyrirfram sé sýnt fram á ágæti þess með tilraunum í smærri stíl. Að framkvæma fyrst og rannsaka svo þykir ekki rétt röð á hlutunum. Það verður að vera hafið yfir vafa að ekki geti verið um neikvæð áhrif seiðasleppinga að ræða.

Merking sumaralinna seiða með örmerkjum myndi skila mikilsverðum og óyggjandi upplýsingum um endurheimtur þeirra. Til að fá vitneskju um ástand náttúrulega seiðastofnsins mætti gera hlé á sleppingum þeirra um tíma og leggja þá frekar meira í gönguseiði því nokkuð góð vitneskja er til um hverju þau skila. Ef fjöldi náttúrulegra seiða

er lítill sem rekja mætti til lítillar hrygningar yrði að bregðast við því og þá með því að draga úr veiðiálagi.

Ljóst má vera að nýting á villtum laxastofni þarf að vera sjálfbær og verðmæti hans til framtíðar felast í að viðhalda honum á þann hátt. Hér kemur einnig til mikilvægi þess að vernda búsvæði laxins og umhverfi ána.

Samanburður á endurheimtum á eins og tveggja ára gönguseiðum sýnir sem fyrr að eins árs seiðin skila sér í mun hærra hlutfalli. Þá kom fram munur milli sleppihópa og að þeir hópar sem sleppt var við Hólmatagl skiluðu sér um tvöfalt betur en sleppihópar úr Árnesi. Skýring þess getur legið í því að eftirlit með merktum fiski í Árnesi hafi verið ábótavant því flestar endurheimtur úr sleppingum þar komu fram annars staðar. Mikilvægt er því að bæta eftirlit með merkingum til að niðurstöður þeirra gefi rétta mynd.

Sleppingar gönguseiða eru einnig inngrip í náttúrulegan stofn árinna. Hvort þær hafa einhver varanleg áhrif á þróun í samsetningu stofnsins er erfitt að segja til um. Af endurheimtum undanfarinna ára í Laxá er þó ljóst að gönguseiði úr eldisstöð skila sér alltaf í hærra hlutfalli sem smálax en stórlax og er þetta hlutfall mun hærra en hjá náttúrulega laxinum. Hvort þetta hefur varanleg áhrif á samsetningu stofnsins er ekki vitað en hlýtur að vera til umhugsunar. Það er vitað hvað menn hafa en ekki hvort slíkt inngrip hefur áhrif.

Samkvæmt veiðibókum voru 1227 laxar skráðir sem er aukning í fjölda skráðra laxa milli ára. Hafa verður þó í huga að 194 löxum var sleppt aftur í Laxá og því var aflinn í raun 1033 laxar sem er 14 löxum minna en var 1996. Af þessu sést að sú nýja tíska að veiða og sleppa skekkir samanburð í afla milli ára og tímabila ef sá fjöldi er ekki er tekin með í reikninginn. Hluti þessara laxa veiðist oftast en einu sinni. Merkingar á löxum sem merktir voru á veiðisvæði Árness og sleppt aftur sýna að 52% þeirra veiddist aftur. Þetta bendir til að veiðiálag sé hátt þó ekki sé víst að líkur á fyrstu og annari töku séu jafnar. Þetta háa veiðiálag þyrfti að nánari skoðunar við þó ekki sé hægt um vik að fá mat á veiðiálag í stórrí á eins og Laxá.

Í veiði sumarsins 1997 vakti athygli að smálaxinn var vænn og var hann að meðaltali pundi þyngri en hann var 1996. Við samanburð á fjölda og meðalþyngd smálaxa í Laxá kom í ljós að marktækt samband er milli þyngdar og fjölda smálaxa í árgangi þó nokkur breytileiki sé þar til staðar. Þekkt er að tími laxa í hafi hefur áhrif á þyngd við endurheimtu þeirra og þar skiptir því tímasetning göngu til sjávar og aftur í árna máli (Þórólfur Antonsson 1998). Líklegt er einnig að fæða og umhverfisskilyrði í sjó geti haft þar áhrif á. Sambærileg tengsl sjást ekki í þyngd og fjölda stórlaxa.

Líkt og verið hefur undanfarin ár kom nokkur hluti endurheimtra merktra laxa úr Laxá fram í öðrum ám. Flestir þeirra komu fram í ám austan Laxár og einkum úr Hofsa í Vopnafirði en einnig Selá og Lagarfljóti og þá komu laxar úr Svartá og Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu.

Í skýrslum undanfarinna ára hefur nokkuð verið fjallað um sand og sandburð í Laxá. Um hann hefur einnig verið fjallað á öðrum vettvangi (Guðni Guðbergsson 1997). Samanburður á þéttleika laxaseiða í Laxá, Reykjadalssá og Mýrarkvísl sumarið 1997 og 1971 sýna ekki mikinn mun í þéttleika (Tumi Tómasson 1997). Þær rannsóknir benda því ekki til að miklar breytingar hafi orðið á þeim tíma sem megi rekja til sandburður að minnsta kosti ekki á þeim svæðum sem athuguð voru.

Enn er brýnt að mælingar verði gerðar á sandburði til að unnt sé að meta áhrif hans og hvort einhverjar leiðir til úrbóta séu mögulegar. Lausleg athugun Kráka sumarið 1997 benti ekki til að sandur og sandburður sé vandamál á efri hluta hennar þó mikill sandur liggi í neðri hluta farvegarins (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997).

Þá er talið brýnt að fram fari kortlagning á botni Laxár í Aðaldal með tilliti til búsvæða og uppeldisskilyrða fyrir laxfiska.

ÞAKKARORÐ

Jón Helgi Vigfússon hafði eftirlit með veiðinni, leitaði eftir örmerktum fiskum og safnaði hreistursýnum á veiðisvæði Laxárfélagsins og Völundur Hermóðsson með veiðinni í Árnesi. Sigurður Bjarnason og Þórarinn Sveinsson færðu inn númer veiðistaða í veiðibækur. Eydís Njarðardóttir hafði umsjón með örmerkjum og lestri þeirra. Jón Helgi Vigfússon og Jón Helgi Björnsson voru innan handar varðandi útskýringar á skipulagi veiði í Laxá, sleppistöðum og fjölda slepptra seiða. Þórólfur Antonsson aðstoðaði við rannsóknir í Laxá sumarið 1997. Ofantöldum aðilum eru færðar bestu þakkir.

HEIMILDIR

Guðni Guðbergsson 1993. Laxá í Aðaldal 1992. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93011, 35bls.

Guðni Guðbergsson 1994. Laxá í Aðaldal 1993. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94017, 26 bls.

Guðni Guðbergsson 1995. Laxá í Aðaldal 1994. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/95003, 30 bls.

Guðni Guðbergsson 1996. Laxá í Aðaldal 1995. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/96003, 31 bls.

Guðni Guðbergsson 1997. Sandur og lífríki Laxár. Morgunblaðið 26. ágúst, bls 28.

Guðni Guðbergsson og Tumi Tómasson 1997. Laxá í Aðaldal 1996. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1996. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/9700, 34 bls.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997. Uppeldisskilyrði fisks í Kráká og Gautlandalæk. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/97019, 15 bls.

Karlström, Ö. 1972. Redgörelse för lax- och öringsproduktionsundersökningar i Laxá i Aðaldal. Skýrsla til Iðnaðarráðuneytis, 18 bls.

Tumi Tómasson 1985. Athuganir á Laxá í Aðaldal 1984. Skýrsla Veiðimálastofnunar, Norðurlandsdeild, 10 bls.

Tumi Tómasson 1987. Laxá í Aðaldal 1985 - 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, Norðurlandsdeild, VMST-N/87008, 17 bls.

Tumi Tómasson 1988. Laxá í Aðaldal 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, Norðurlandsdeild, VMST-N/88011X, 14 bls.

Tumi Tómasson 1989a. Laxá í Aðaldal 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, Norðurlandsdeild, VMST-N/89011, 17 bls.


Tumi Tómasson 1991. Laxá í Aðaldal 1989-1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar Norðurlandsdeild VMST-N/91016X, 22 bls.

Tumi Tómasson 1997. Áhrif hækkunar inntakslóns á forsendur veiða í Laxá í Þingeyjarsýslu. Álitsgerð. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/97010X, 11 bls.


Þórólfur Antonsson 1998. Breytileiki í framleiðslu laxaseiða í tveimur íslenskum ám og endurheimtur þeirra úr hafi. Prófrítgerð við Háskóla Íslands, 147 bls.

1.
19


2. m
vori




1. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í rafveiðum á tveimur stöðum í Laxá í Aðaldal vorið 1997




2. mynd. Lengdardreifing urriðaseiða í rafveiðum á tveimur stöðum í Laxá í Aðaldal vorið 1997




3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Aðaldal haustið 1997 (Staðsetning rafveiðistaða er gefin í viðauka I).




4. mynd. Lengdardreifing urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Aðaldal haustið 1997. (Staðsetning rafveiðistaða er gefin í viðauka I).




5. mynd. Lengdardreifing laxaseiða, sem sleppt var í Laxá í Aðaldal sumarið 1997 og komu fram í rafveiðum. Seiðin voru auðkend með klippingu hægri kviðugga.




6. mynd. Meðalþéttleiki laxaseiða á hverja 100 m² á rafveiðistöðvum 4-7 á árunum 1986-1997, árgamalla (1⁺) og eldri.




7. mynd. Kynjaskipt þyngdardreifing laxa í stangveiði í Laxá í Aðaldal sumarið 1997.



8. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Laxá í Aðaldal sumarið 1997, skipt eftir vikum.



9. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Laxá í Aðaldal á árunum 1988 - 1997, skipt eftir vikum.




10. mynd. Dreifing silungsveiði á laxgenga hluta Laxár í Aðaldal sumarið 1997, skipt eftir vikum.

Fjöldi smálaxa


11. mynd

Fjöldi Laxárfélagið


12. mynd




11. mynd. Samband þyngdar og fjölda smálaxa í Laxá í Aðaldal á árunum 1974-1997.



12. mynd. Laxveiði á veiðisvæðum Laxárfélagsins og í Árneshöfði á árunum 1974 - 1997.



13. mynd. Laxveiði á veiðisvæðum Laxárfélagsins og Núpa og Kjalar á árunum 1974 - 1997.



14. mynd. Laxveiði í Laxá í Aðaldal, Reykjadalssá og Mýrarkvísl á árunum 1974 - 1997.

Tafla 1. Fjöldi og þéttleiki laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Aðaldal vorið 1997.

Veiðistaður	stærð veiðisv.	fjöldi laxa	fjöldi urriða	fjöldi laxa/100m ²	fjöldi urriða/100m ²
Núpar (sv 6)	272	36	17	13,2	6,3
Hólmavað (sv 4)	350	32	3	9,1	0,9

Tafla 2. Fjöldi og þéttleiki laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Aðaldal haustið 1997. HK eru hægri kviðuggaklippt sleppiseiði, Hlutföll náttúrulegra seiða og heildarfjöldi HK er uppreiknað en 8.000 af 30.000 seiða sleppingu var merkt með klippingu hægri kviðugga. (Staðsetning rafveiðistöðva er gefin í viðauka I).

stöð	stærð veiðisvæðis. m ²	fjöldi seiða	fjöldi. náttúrl.	fjöldi HK	fjöldi /100m ²
1	168	9	9	0	5,4
2	125	9	9	0	7,2
4	186	21	5	14	11,3
5	216	38	38	0	17,6
N	100	27	27	0	27,0
6	352	54	28	26	15,1
7	150	67	50	17	44,6
alls	1297	225	128	57	17,3

Tafla 3. Fjöldi og þéttleiki urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Aðaldal haustið 1997 (Staðsetning rafveiðistöðva er gefin í viðauka I).

stöð	stærð veiðisvæðis m ²	fjöldi seiða	fjöldi /100m ²
1	168	5	3,0
2	125	11	8,8
4	186	6	3,2
5	216	17	7,9
N	100	3	3,0
6	352	3	0,9
7	150	3	2,0
alls	1297	48	3,7

Tafla 4. Fjöldi og þéttleiki laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Aðaldal haustið 1997 skipt í vorgömul og seiði og eldri (Staðsetning rafveiðistöðva er gefin í viðauka I).

stöð	stærð veiðisvæðis m ² -	vorgömul 0 [±]		ársögömul (1 [±]) og eldri	
		fjöldi seiða	fjöldi /100m ²	fjöldi seiða	fjöldi /100m ²
1	168	8	4,8	1	0,6
2	125	5	4,0	4	3,2
4	186	4	2,2	17	9,1
5	216	22	10,2	15	6,9
N	100	21	21,0	6	6,0
6	352	24	6,8	29	8,2
7	150	10	6,7	57	38,0
alls	1297	97	7,2	129	9,9

Tafla 5. Fjöldi og þéttleiki urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Aðaldal haustið 1997 skipt í vorgömul og seiði og eldri (Staðsetning rafveiðistöðva er gefin í viðauka I).

stöð	stærð veiðisvæðis m ² -	vorgömul 0 [±]		ársögömul (1 [±]) og eldri	
		fjöldi seiða	fjöldi /100m ²	fjöldi seiða	fjöldi /100m ²
1	168	5	2,9	0	0,0
2	125	6	4,8	5	4,0
4	186	3	1,6	3	1,6
5	216	11	5,1	6	2,8
N	100	0	0,0	3	3,0
6	352	1	0,3	2	0,6
7	150	1	0,7	2	1,3
alls	1297	27	2,1	21	1,6

Tafla 6. Þéttleiki laxaseiða ársгамalla (1^+) og eldri í rafveiðum í Laxá í Aðaldal á árunum 1985 - 1997.

Ár	Þéttleiki/100m ²
1985	1,2
1986	15,7
1987	6,3
1988	12,2
1989	5,5
1990	9,4
1991	7,3
1992	14,6
1993	12,3
1994	14,6
1995	17,5
1996	13,4
1997	9,9

Tafla 7. Hlutdeild dýrhópa í fæðu laxaseiða veiddra í Laxá í Aðaldal 1997 (hlutdeild er metin sem hlutdeild tegunda x magafylling/summu fyllingarstiga).

Vor 1997

Fjöldi sýna = 10

Tegund fæðu	Hlutdeild %
Bitmýslirfur	93,7
Rykmýslirfur	6,3

Haust 1997

Fjöldi sýna = 31

Tegund fæðu	Hlutdeild %
Bitmýslirfur	62,0
Vatnabobbar	19,5
Ánar	7,9
Vorflugulirfur	6,4
Rykmýslirfur	1,5
Tvívængjur	0,6
Hrossaflugulirfur	0,5

Tafla 8. Endurheimtur laxa úr sleppingum gönguseiða í Laxá vorið 1996 í veiði 1997.

Sleppistaður	hópur	fjöldi sleppt 1996	endurheimt 1997		endurheimt aðrar ár
			fjöldi	%	
Árnes (eins árs)	#062	1627	9	0,55	
Árnes (eins árs)	#063	447	3	0,67	1
Árnes (eins árs)	#064	443	2	0,45	
Hólmatagl (eins árs)	#113	928	8	0,86	1
Hólmatagl (eins árs)	#114	708	10	1,41	1
Hólmatagl (eins árs)	#115	3378	45	1,33	5
Hólmatagl (tveggja ára)	#116	2410	8	0,33	
Hólmatagl (tveggja ára)	#117	2601	10	0,38	3
Heild (eins árs)		7731	77	1,02	8
Heild (tveggja ára)		5011	18	0,36	3

Tafla 9. Endurheimtur laxaseiða í veiði 1996 og 1997 úr gönguseiðasleppingum 1995. Um er að ræða bæði gönguseiði sem alin hafa verið í eitt og tvö ár í eldisstöð.

Sleppistaður	hópur	fjöldi sleppt 1995	endurheimt 1996		endurheimt 1997		endurheimt samtals		endurheimt aðrar ár 96		endurheimt aðrar ár 97	
			fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%
Langey eins árs	#332	1754	9	0,51	0	0,00	9	0,51	1			
Langey kynþr. hængs.	#333	13	0	0,00	0	0,00	0	0,00	1			
Langey eins árs	#334	703	2	0,28	0	0,00	2	0,28	1			
Langey kynþr. hængs.	#335	52	1	1,92	0	0,00	1	1,92				
Hólmatagl eins árs	#387	3225	16	0,50	2	0,06	18	0,56	2			
Hólmatagl eins árs	#393	250	3	1,20	0	0,00	3	0,41				
Hólmatagl eins árs	#388	1700	7	0,41	2	1,11	9	0,53				
Hólmatagl tveggja ára	#392	2564	3	0,12	0	0,00	3	0,12				
Hólmatagl tveggja ára	#385	1920	1	0,05	0	0,00	1	0,05				
Hólmatagl tveggja ára	#386	920	1	0,11	0	0,00	1	0,11				
Samtals eins árs		7697	38	0,49	4	0,05	42	0,55	5		0	
Samtals tveggja ára		5404	5	0,09	0	0,00	0	0,00			0	
Heild		13101	43	0,33	4	0,03	47	0,37	5			

Tafla 10. Veiðin í Laxá í Aðaldal 1997. Skipt eftir kynjum og þyngd. Skipting milli smálax og stórlax er gerð við 7 pund hjá hrygnum en 8 pund hjá hængum (1 pund = 500 g).

ár í sjó	hængar			hrygnur			alls		
	fj	mp	%	fj	mp	%	fj	mp	%
1	580	5,9	75,3	190	5,2	24,7	770	5,8	62,8
2	203	10,9	44,4	254	10,8	55,6	457	10,9	37,2
Alls	783	7,2	63,8	444	8,4	36,2	1227	7,7	

Tafla 11. Skipting veiði í Laxá í Aðaldal sumarið 1997 eftir tefundum og veiðisvæðum.

Veiðisvæði	fjöldi laxa	fjöldi urriða	fjöldi bleikja
Laxárfélagið	788	66	17
Árnes	339	5	0
Núpar og Kjölur	33	0	0
Syðrafjall	2	55	0
Staðartorfa	20	235	24
Múlatorfa	1	133	1
Presthvammur	10	280	18
Hraun	34	155	4
Samtals	1227	929	64

Tafla 12. Laxveiði á veiðisvæði Laxárfélagsins eftir svæðum 1997 (sjá skiptingu veiðistaða innan veiðisvæða í viðauka II).

Veiðisvæði	fjöldi veiddra laxa
100	350
200	80
300	29
400	62
500	167
600	67
700	34
800	33
alls	756

Tafla 13. Skipting afla í Laxá í Aðaldal 1997 eftir ferskvatns- og sjávaraldri. (+ táknar vöxt, G1 að viðkomandi hefur komið áður til hrygningar og dvalið heilt ár í sjó á eftir.

Ár í sjó	I		II		III			
Ár í ánni	Hæn.	Hry.	Hæn.	Hry.	Hæn.	Hry.	Alls	%
2	22	2	3	4			31	17,7
3	66	20	9	29			124	70,9
4	5	1	2	11			19	10,8
5	0	1	0	0			1	0,6
Alls	93	24	14	44			175	100
%	53,1	13,7	18,9	25,1				
	117 66,9		58 33,1					

Ólæsileg hreistur voru 11.

Aldur þeirra laxa sem voru með gotmerki í hreistri, þ.e. voru að koma í annað sinn til hrygningar. Talan fyrir framan punktinn er ferskvatnsaldur og fyrir aftan er sjávaraldur, G merkir gotmerki og ef 1 stendur aftan við merkir að fiskurinn var heilt ár í sjó fyrir aðra göngu, + merkir sumarvöxt.

3.2G⁺ 1
3.1G1⁺ 2

Gönguseiði: hængar hrygnur
Eitt ár í sjó 19 18 sleppiár 1996
Tvö ár í sjó 2 5 sleppiár 1995

Tafla 14. Hlutdeild klakárganga í veiði 1992 til 1996 reiknuð út frá hlutfalli aldursgreindra hreistursýna.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	
Klakár	veiði %	Veiði %	Veiði %	Veiði %	Veiði %	Veiði %	Samtals
1985	138 6,0						
1986	760 33,1	24 1,3					
1987	709 30,9	490 26,1	12 1,0	4 0,3			
1988	211 9,2	1003 53,5	71 5,8	15 1,3			
1989	14 0,6	188 10,0	482 39,3	18 1,6	4 0,4		706
1990		8 0,4	461 37,6	114 10,9	114 10,9		791
1991			50 4,1	535 47,9	441 42,1	94 8,3	1120
1992				65 5,9	341 32,6	243 21,6	
1993					63 6,0	514 41,9	
1994						133 10,8	

Gönguseiði

1988	7 0,3						
1989							
1990	80 3,5	8 0,4					88
1991	362 15,8	24 1,3					386
1992		131 7,0	71 5,8				202
1993			79 6,4	22 1,9			101
1994				55 4,9	25 2,4		80
1995					59 5,6	204 16,6	263
1996						39 3,2	

Tafla 15. Veiði í Laxá í Aðaldal 1972 - 1997. Fjöldi smálaxa og stórlaxa í Laxá eru færðir á gönguseiðaárgang. Að auki er heildarveiði í Reykjadalssá og Mýrarkvísl 1974 - 1997.

Ár	Veiði	smálax	stórlax	Reykjadalsá	Mýrarkvísl		
1972	1784	449	1237				
1973	1701	517	1274				
1974	1817	1043	1268	337	210		
1975	2326	667	1406	264	201		
1976	1777	1519	1432	133	121		
1977	2699	1666	1344	593	181		
1978	3063	1080	2192	657	221		
1979	2372	218	505	492	197		
1980	2324	941	862	321	169		
1981	1455	429	595	271	242		
1982	1304	564	1143	114	179		
1983	1109	209	877	210	248		
1984	1256	1026	1370	155	215		
1985	1911	1349	1640	344	388		
1986	2730	735	968	373	490		
1987	2422	1276	884	241	252		
1988	2255	733	1012	435	287		
1989	1619	531	671	241	239		
1990	1543	768	1089	1054*	188		
1991	1439	1200	861*	945	945*	191	243
1992	2295	1020	814*	852	772*	280	390
1993	1983	374	343*	655	554*	249	266
1994	1226	461	375*	654	581*	110	139
1995	1116	393	279*	457	448*	119	234
1996	1047	769	518*			132	160
1997	1227#					109	270

* Hluti endurheimtra gönguseiða úr gönguseiðasleppingum er dregin frá fjölda veiddra laxa og fært á gönguseiðaár (veiðiár - 1 fyrir smálax og - 2 stórlax).

Af þessari veiði var 194 löxum sleppt aftur og að þeim fráðregnum var aflinn 1033 laxar.

VIÐAUKI I.

Rafveiðistaðir í Laxá í Aðaldal (Sjá Tumi Tómasson 1991).

NÚMER, STAÐSETNING OG EINKENNI

1. Fyrir neðan virkjun, við vesturbakkann. Grýtt og straumhart. * Sumarið 1992 var veitt í skurði við virkjun. Staður neðar þakinn sandi.
2. Fyrir neðan Hraunstíflu, við austurbakkann. Smágrýtt í bland en víðast sléttur, þjappaður botn.
3. Við Langey, í kvíslinni. Smágrýtt læna, víða skjóllítið. * Veitt síðast vorið 1991. Lænunni hafði verið raskað verulega sumarið 1991 vegna gerðar sleppitjarnar.
4. Fyrir ofan Hólmavaðsbrú að vestan. Smágrýtt við landið, en þjappaður hraunbotn utar.
5. Við Jarlsstaði að vestan, klapparflúð.
- N. Við Árnes. Veitt með landi við beygju á ánni, grófur hraunbotn.
6. Fyrir ofan Núpabru, í vesturkvísl við hólma. Grýtt flúð.
7. Í kvísl við Eskey, fyrir neðan hólma. Víðast smágrýtt.

VIÐAUKI II.

VEIÐISTAÐIR Á SVÆÐUM LAXÁRFÉLAGSINS, Í ÁRNESI OG Á NÚPUM.

Veidisvæði 100 eða I; Fyrir neðan Fossa.

- 100..... Kistuhylur
- 101..... Sjávarhola
- 102..... Kista að vestan
- 103..... Neðri-Háfhola
- 104..... Efri-Háfhola
- 105..... Kista að austan
- 106..... Stallur
- 107..... Miðfoss
- 108..... Stórifoss
- 109..... Breiðan
- 110..... Bjargstrengur
- 111..... Potturinn

Sleppistaðir:

Fyrir neðan fossa og vestan við Kistuhyl.

Veidisvæði 200 eða II.

- 201..... Fossavað
- 202..... Hraunhorn
- 203..... Mjósund
- 204..... Kiðeyjarbrot
- 205..... Heiðarendaflúð
- 206..... Bakkastrengur

Enginn sleppistaður.

Veidisvæði 300 eða III.

- 301..... Skriðuklöpp
- 302..... Mælisbreiða
- 303..... Brúarhylur
- 304..... Hólmatagl
- 305..... Hólmakvisl
- 306..... Brúarhylur
- 307..... Brúarstrengur
- 308..... Brúarflúð
- 309..... Spegilflúð
- 310..... Litla-Núpabreiða
- 311..... Eskeyjarflúð

Sleppistaður:

Milli 304 og 305.

Veðisvæði 400 eða IV.

- 401.....Bæjarklöpp
- 402.....Langaflúð
- 403.....Birgisflúð
- 404.....Bótarstrengur
- 405.....Ytri-Seltangi
- 406.....Spónhylur
- 407.....Tjarnarhólmatlúð
- 408.....Syðri-Seltangi
- 409.....Jarlstaðahorn
- 410.....Höskuldarvík
- 411.....Breiðeyri
- 412.....Þorsteinsflúð
- 413.....Klofið
- 414.....Hrúteyjarkvísl
- 415.....Síðsteyjarkvísl
- 416.....Dýjaveitur

Sleppistaður:

410. Höskuldarvík.

Veðisvæði 500 eða V.

- 501.....Hrúthólmi
- 502.....Hagastraumur
- 503.....Hrúthólmabakkar
- 504.....Sjónarhóll
- 505.....Hólmavaðsstífla
- 506.....Vaðhólmakvísl
- 507.....Krosseyri

Sleppistaður:

Neðst í 506. Vaðhólmakvísl.

Veðisvæði 600 eða VI.

- 601.....Suðurhólmi
- 602.....Hagabakkar neðri
- 603.....Hagabakkar efri
- 604.....Suðureyri
- 605.....Langeyjareyri
- 606.....Óseyri
- 607.....Langeyjarpollur
- 608.....Garðstrengur
- 609.....Tvíflúðir
- 610.....Óseyrarbrot

Sleppistaður:

Langey rétt neðan við efri brún eyjar.

Veidisvæði 700 eða VII.

- 701..... Vallarvað
- 702..... Hraunsall
- 703..... Fornafliúð
- 704..... Laxhólmi

Enginn sleppistaður.

Sleppitjörn á 600 rétt neðan Vallarvaðs.

Veidisvæði 800 eða VIII; Presthvammur.

- 800..... Ferjubreiða neðri
- 801..... Ferjubreiða efri
- 802..... Kollur
- 803..... Stekkjavík
- 804..... Klettavík
- 805..... Gljúfrastrengir
- 806..... Veidimörk efri

Sleppistaður:

Innan við Koll.

Veidisvæði 900; Núpaveiðar, fyrir ofan veidisvæði 300.

- 901..... Straumáll
- 902..... Núpabreiða
- 903..... Grænitangi
- 904..... Laxatangi
- 905..... Núpafossbrún
- 906..... Hólmakvislar
- 907..... Höfðahylur
- 908..... Höfðabreiða

Sleppistaður:

Neðan við Núpafossbrún.

Veidisvæði 000; Nes-Knútsstaðir-Garður (Árnesveiðar), fyrir ofan**Núpaveiðar.**

- 001..... Grundarhorn/hyljur
- 002..... Kirkjuhólmakvisl
- 003..... Þvottastrengur
- 004..... Skerflúðir
- 005..... Grástraumur

